

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á visir.is

ÁGÚST 2021



8. tbl. 24. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við
Eggert Benedikt
Guðmundsson
verkfræðing

Samspil náttúru og garðyrkju

Þorsteinn Magni Björnsson garðyrkjufraeðingur og umsjónarmaður Hljómskálagarðsins hjá Reykjavíkurborg segir mest hafa heillað sig hversu gott samspil er á milli náttúrunnar sjálftrar og stífrar garðyrkju. Á myndinni er Þorsteinn Magni Björnsson við eina gróðurmynd í garðinum. Nánar er fjallað um Hljómskálagarðinn sem er í hjarta Reykjavíkur á bls. 11.



Betri laun

VIRTUS
Bókhald | Laun | Ráðgjöf
virtus.is

Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílum

AFGREIÐSLUTIMI
mán. – fös. kl. 8–16:30

Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18
Laugardaga: kl. 10-17

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Melabúðin

VERSLUN SÆLKERANS

SÆLKERAVERSLUNIN ÞÍN!

Nú er uppskerutími
-Íslenskt grænmeti í úrvali.

Spergilkál, Blómkál,
Hvítkál, Gulrætur,
Rófur, Grænkál,
Kartöflur ofl.

Tilboð á
lambalærum
úr kjötborði

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thoringimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

8. tbl. 24. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107, 102 og 101.

Listaháskólinn

Á nægjulegt er að heyra fréttir af hugmyndum um að nýta Tollhúsið við Tryggvagötu fyrir starfsemi Listaháskóla Íslands. Skólinn hefur búið við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu allt frá stofnun – hún hefur verið dreifð um hin ýmsu borgarhverfi.

Auga leið gefur að slík aðstaða hefur haft hamlandi áhrif á skólastarfið og gert það um margt erfiðara.

Um nokkurn tíma hefur farið fram leit að hentugu framtíðarhúsnæði fyrir skólann og hefur sú leit einkum beinst að miðborgarsvæðinu. Um tíma var meðal annars horft til Landsbankahússins í Austurstræti þegar bankinn flytti starfsemi sína í nýjar höfuðstöðvar við Austurhöfina.

Nú hefur verið staðnæmst við Tollhúsið. Um margt rúmgott og hentugt hús fyrir skólastarf. Húsið er í nýju hjarta Miðborgarinnar. Við hlið Hafnartorgsins. Á framhlið þess er þekkt listaverk Gerðar Helgadóttur sem sómir sér á húsnæði listaháskóla. Þá er verið að endurgera götu framan við húsið. Breyta bílastæðum í útivistarsvæði. Bílastæði eru í stórum bilakjallara undir Hafnartorgi.

Tilkoma Listaháskólans mun auðga mannlíf í Miðborginni. Fjöldi manns á leið þangað á hverjum degi. Í mörgum tilfellum ungt og skapandi fólk sem mun koma til með að nýta sér margvíslega þjónustu í nágrenninu. Skapa fjölbreytt mannlíf.

Flutningur Listaháskólans eru gleðitíðindi. Fyrst og fremst fyrir skólann sjálfan og þá sem þar munu nema og starfa. En einnig fyrir Miðborgina og það mannlíf sem hún mun bjóða upp á.

Fer Listaháskólinn í Tollhúsið við Tryggvagötu?

- með því væri hægt að sameina starfsemi hans á einn stað



Tollhúsið við Tryggvagötu. Framkvæmdir hafa staðið yfir við lagfæringu á götunni framan við húsið. Á framhlið þess er stórt mósaikverk eftir Gerði Helgadóttur myndlistarmann. Með endurbótum á götunni er unnið að því að að fegra svæðið og leyfa listaverkinu að njóta sín betur. Framan við verkið verður torg og þar sem svæðið liggur vel við sólu er það talið henta vel sem dvalarsvæði fyrir vegfarendur. Listaverkið verður lýst upp og fær nú efniviðurinn að njóta sín betur en áður á þessum 142 fermetra fleti. Vel fer á því að verk Gerðar Helgadóttur verði á framhlið Listaháskólans í framtíðinni.

Hugmyndir eru um að flytja starfsemi Listaháskóla Íslands í Tollhúsið við Tryggvagötu en segja má að starfsemi hans hafi verið á hrakhólum allt frá stofnun. Hluti hennar hefur verið við Lindargötu, annar hluti við Skipholt og hluti í fyrrum húsnæði Sláturfélags Suðurlands í Laugarnesi. Ekkert af þessu húsnæði hefur hentað skólanum auk þess sem starfsemi hans hefur farið fram í nokkrum borgarhverfum.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra greindi frá því á blaðamannafundi nýlega að ráðast eigi í hönnunarsamkeppni í haust um hvernig koma megi starfsemi Listaháskóla Íslands fyrir í Tollhúsinu við Tryggvagötu í Reykjavík. Bjarni sagði mikla vinnu hafa verið unna í húsnæðismálum Listaháskólans að undanfögnu. Þar hefði meðal annars verið skoðað að byggja nýtt húsnæði og koma Listaháskólanum fyrir í Laugarnesinu í Reykjavík auk þess sem Tollhúsið var skoðað. Þá hefði Landsbankahúsið verið nefnt sem hugsanlegt húsnæði Listaháskólans. Bjarni sagði að þarfagreining hefði tekið mikinn tíma, þar sem hún þyrfti að miða bæði við

núverandi þarfir skólans og möguleika hans til að vaxa. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagði við sama tækifæri gríðarlega mikilvægt að tryggja Listaháskólanum gott húsnæði undir einu þaki, þetta skipti miklu máli fyrir það fólk sem væri að læra skapandi greinar. Með því væri verið að tryggja innviði skapandi greina.

Skólinn verður öðrum jafnfætis

Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskólans sagði af sama tilefni ákvörðun um eitt húsnæði setja skólann jafnfætis öðrum skólum á Íslandi hvað varðar húsnæði aðstöðu og aðbúnað. Einnig nemendur og starfsfólk. Þetta færi skólann einnig í fremsta flokk meðal háskóla á alþjóðavettvangi. Fríða Björk sagði biðina efir þessu búna að standa yfir í tvo áratugi. Aldrei hafi verið komist svona langt með þarfagreiningu í samstarfi við ríkið. Hún kvaðst hafa skynjað ríkan pólitískan vilja innan allra flokka um málið.

Bensíndælar við Krónuna á Granda

- munu koma í stað bensínstöðvarinnar við Ægisíðu

Bensínstöð N1 við Ægisíðu er ein þeirra bensínstöðva sem eiga að hverfa af sjónarsviðinu samkvæmt samkomulagi Reykjavíkurborgar og oliufélaganna. Í kynningu á fjárfestingu N1 kemur fram að stöðinni verði lokað eigi síðar en um áramótin 2022 og 2023.

Lokun bensínstöðvarinnar er að hluta til háð því að deiliskipulag við Fiskislóð 13 til 15 verði samþykkt en Reykjavíkurborg hefur heimilað félaginu að setja þar upp sjálfsafgreiðslustöð með tveimur eldsneytisdælum sem munu geta veitt fjórum bílum þjónustu samtímis. Ætlunin er að taka þær dælar í notkun eftir að rekstri á Ægisíðu verður hætt. Hætta á rekstri N1 á Ægisíðu



Verslun Krónunnar við Fiskislóð. Þar er ætlunin að koma upp sjálfsafgreiðslustöð fyrir N1.

eigi síðar en 1. janúar 2023. Er deiliskipulags við Fiskislóð 13 til gert ráð fyrir að samþykkt 15 liggi þá fyrir.

 **HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**

 Finndu okkur á Facebook



Netverslun: systrasamlagid.is

VÍNBUÐIN EIÐISTORGI

LOKAÐ

6. - 14. SEPTEMBER

Vínbúðin Eiðistorgi verður lokað vegna framkvæmda frá mánudeginum 6. september til þriðjudagsins 14. september.

Við bendum viðskiptavinum á að næstu Vínbúðir eru í Austurstræti og Kringlunni.

Vínbúðir með lengri opnunartíma eru í Skeifunni og Skútuvogi: mán-fös 10-20, lau 11-18.

Við þökkum þolinmæðina og hlökkum til að taka á móti ykkur í enn betri Vínbúð.

 VÍNBUÐIN

Loftslagsmálin eru í brennidepli

- segir Eggert Benedikt Guðmundsson verkfræðingur og forstöðumaður Grænvangs

Eggert Benedikt Guðmundsson verkfræðingur býr undir torfþaki. Að heimili þeirra hjóna, hans og Jónínu Lýðsdóttur, liggur malarslóði sem á vel við þá umgjörð og sögu sem umlykur hann og fjölskyldu hans í Skerjafirði. Eggert býr á Reynistað við Skildinganes, sem áður var heimili foreldra hans, þeirra Kristínar Claessen og Guðmundar Benediktssonar, sem lengi var ráðuneytissjóri í forsætisráðuneytinu. Þetta er ættaróðal móður hans. Jean Eggert Claessen, móðurafi Eggerts Benedikts, var hálf danskur, en átti rætur til Hollands eins og nafn hans bendir til. Hann keypti elsta hluta þessa húss og byggði síðan við hann þá hluta hússins sem lagðir eru torfþaki. Næsta hús við Reynistað er Reynisnes. Á tímum Eggerts Claessen bjó þar bóndi, sem leigði land af Eggerti en rak búíð að öðru leyti sjálfur. Í æsku Eggert Benedikts bjó þar Laura Claessen, systir Kristínar, ásamt fjölskyldu sinni. Nú búa þar Jean Eggert Hjartarson Claessen, sonur Lauru, og kona hans, Gríma Huld Blængsdóttir.

Jörðin, sem þessi tvö hús standa á, hét áður Skildinganes og á sér langa sögu. Hennar er fyrst getið í svonefndu Setbergsbréfi sem gert var í Skildinganesi þann 6. júní 1523 að talið er. Skildinganes var í eigu Skálholtskirkju en árið 1556 skipti Skálholtsbiskup á nokkrum jörðum. Ein þeirra var Skildinganes. Samkvæmt Jarðabók Arna og Páls frá 1703 var tvíbýli í Skildinganesi. Þegar túnakortið fyrir Skildinganes var tekið saman árið 1916 var þar einnig tvíbýli, nefnt Austurbýlið og Vesturbýlið eða „Austurbær og Vesturbær“. Vesturbærinn stendur enn, reistur skömmu eftir 1870, en þó endurbyggður að miklu leyti og heitir nú Reynisnes. Reynistaður var byggður skömmu síðar, þótt nafnið hafi komið til 1923 þegar Jean Eggert keypti gamla húsið og byggði við það.

Sit á sögu

„Við sitjum hér á heilmikilli sögu“, segir Eggert Benedikt þegar tíðindamaður hefur tyllt sér með kaffibolla í stofu undir torfþaki með útsýni yfir glæsihús handan götunnar. „Ég er fæddur á Fæðingarheimilinu í Reykjavík vegna þess að faðir minn taldi fullreynt að í þessu húsi fæddist drengur. Hann var að vísu alsæll með mínar þrjár eldri systur, en hafði auðvitað ekkert á móti ofurlítilli fjölbreytni. Þetta er skemmtisaga sem lifað hefur innan fjölskyldunnar og pabbi sagði við öll möguleg tækifæri.“

Herbergi fullt af skjölum

Hvernig kom það til að Eggert Benedikt tók við óðali ættarinnar? „Þegar faðir minn féll frá árið 2005 fór mamma að hugsa sér til hreyfings og hafði áhuga

á að flytja í minni íbúð. Úr varð að við hjónin keyptum húsið af fjölskyldunni. Við fluttum inn 2006 og höfum lagað húsið að okkar þörfum, án þess þó að kasta sögunni á glæ. Þegar við fluttum hingað var hér herbergi fullt af skjölum og miklum heimildum sem Eggert afi minn hafði látið eftir sig. Mér fannst nauðsynlegt að sinna þessu og halda til haga þessum verðmæta fróðleik. Að ráði Valgarðs Briem, frænda míns, hafði ég samband við Guðna Th. Jóhannesson, sagnfræðing, og sagði honum af þessu. Hann fylltist áhuga og tók að sér að fara í gegnum þetta. Svo kom að því að honum var fengið nýtt hlutverk í samfélaginu eins og fólk þekkir. Hann gat því ekki sinnt þessu áfram, en kom okkur í samband við Guðmund Magnússon sagnfræðing. Hann tók við keflinu skrifaði afar góða bók um afa og æviferil hans.“

Til Húsavíkur

Eggert segir það hafa verið ósköp eðlilegt að alast upp í þessu umhverfi, þótt sagan væri á alla kanta. „Þetta var afmarkað hverfi og mikið af krökkum á mínum aldri. Það myndaðist samkennd með nágrönnum og lífið gekk sinn vanagang, hvort sem maður bjó undir torfþaki eða ekki. Ég fór þessa hefðbundnu leið í skólakerfinu, í gegnum Ísaksskóla, Melaskóla og Hagaskóla, allt þar til ég lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík. Þá tók ég mér smá hlé frá námi. Svona til ihugunar um framhaldið eins og margir gera. Ég fór til Húsavíkur og sinni þar kennslu við gagnfræðaskólann í eitt ár. Ég hafði vissa tengingu við Húsavík þar sem faðir minn var fæddur og uppalinn þar. Haustið eftir fór ég til Þýskalands til að læra rafmagnsverkfræði. Ég hef aldrei numið við Háskóla Íslands en aðeins gripið í kennslu þar. Ef til vill á maður eitthvað slíkt eftir síðar meir, enda margt sem manni býðst að stúdera hafi maður áhuga.“

Lærði í Barcelona

Eftir námsár í Þýskalandi hélt Eggert til starfa hjá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. „Ég vann þar í fimm ár en þá vaknaði námsáhugi að nýju. Þá var ég komin með fjölskyldu. Við héldum til Spánar, til Barcelona þar sem ég lagði stund á svonefnt MBA nám. Þetta er hagnýtt meistaranám í stjórnun og rekstri fyrirtækja. Ástæða þess að við völdum Spán



Eggert Benedikt Guðmundsson.

Ég er fæddur á Fæðingarheimilinu í Reykjavík vegna þess að faðir minn taldi fullreynt að í þessu húsi fæddist drengur. Hann var að vísu alsæll með mínar þrjár eldri systur, en hafði auðvitað ekkert á móti ofurlítilli fjölbreytni.

voru einkum þær að um tveggja ára nám var að ræða en í öðrum löndum var þetta íðulega tekið á einu ári. Einnig vildi ég þreifa fyrir mér utan enska heimsins. Námið á Spáni var tvítungt á ensku og spænsku. Ég þurfti því að læra spænsku fyrra árið meðfram aðalnáminu og nota hana svo að fullu við námið seinna árið. Ég hafði mjög gott af þessu námi og það var einstakur bónus að kynna Spáni og spænski menningu. Spánn er heillandi land eins og margir Íslendingar hafa kynnst. Aldrei var þó ætlun okkar að setjast að á Spáni enda

ýmis tækifæri annars staðar. Í framhaldi af þessu fluttum við til Belgíu og síðar Kaliforníu, þar sem ég starfaði fyrir raftækjaframleiðandann Philips Electronics í samtals sjö ár. Við fluttum loks aftur heim árið 2004. Fyrstu tvö árin bjuggum við í Garðabæ, en fluttum hingað á Reynistað árið 2006.“

Fjölbreyttur starfsferill

Eggert Benedikt á óvenju fjölbreyttan starfsferil að baki. Um 10 ára skeið stýrði hann tveimur af stærstu

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Veldu öruggt start með TUDOR

Traust og fagleg þjónusta • NYTT: Vefverslun www.skorri.is

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bildshófa 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Reykjavík | Snæfellsbæ | Höfn Hornafirði



Ingólfur Geir Gissurarson Framkvæmdastjóri, lög, fasteignasali og leigumálarí 896 5222

Heiðar Friðjónsson Sálistjóri, Löggiltur fasteignasali B.Sc 693 3356

Hildur Harðardóttir Lögfræðingur, Löggiltur fasteignasali, Skjalagerð. 897 1339

Snorri Snorrason Löggiltur Fasteignasali 895 2115

Margrét Sigurgeirsdóttir Skrifstofustjóri margret@valholl.is 588 4477

VALHÖLL

FASTEIGNASALA

STOFNUD 1995

Síðumúla 27 | 588 4477 | www.valholl.is



Hrafnhildur B. Baldursdóttir Löggiltur fasteignasali, BA í stjórnmálafraeði. 862 1110

Pétur Steinar Jóhannsson Aðstoðarm. fasteignasala Snæfellsnesi 893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir Löggiltur Fasteignasali Lista og innanhús Stilisti 892 8778

Sturla Pétursson Löggiltur Fasteignasali. 899 9083

Rakel Árnadóttir Lögg. Fasteignasali, Mannfræðingur/alþjóðatengill 899 9083

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!



Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð



Reynistaður í Skerjafirði.

fyrirtækjum landsins, HB Granda frá 2005 til 2012 og N1 hf. frá 2012 til 2015. Þá gegndi hann um tíma forstjórnastöðu fyrir nýsköpunarfyrirtækið eTactica sem starfar á sviði raforkueftirlitskerfa.

Hafa ekki fjarlægt gamla tímann

Þegar litið er yfir heimili Eggerts og Jónínu er ljóst að þau hafa ekki ánetjast þeirri bylgju sem ríður yfir að umbreyta sem flestu á heimilum og fjarlægja gamla tímann. Sagan er þar í hverju rúmi. Margir hlutir eiga uppruna sinn í heimili foreldra hans og einnig afa og ömmu. Þar á meðal píanó sem virkaði fremur sem semball á komumann við fyrstu sýn. „Nei þetta er píanó. En það er komið til ára sinna. Tryggvi Gunnarsson gaf afa og ömmu það í brúðargjöf. Ég hef aldrei lært á píanó en glamra stundum á það hér heima í stofu. Ég lærði hins vegar á gítar í gamla daga, m.a. hjá Arnaldi Arnarsyni, sem einmitt býr í Barcelona.“

Forstöðumaður Grænvangs

Hvað er Eggert Benedikt að fást við í dag? Hann starfar nú sem forstöðumaður Grænvangs, sem er samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir. „Við erum þrjú sem störfum hjá Grænvangi, en eigum náð samstarf við Íslandsstofu. Þetta snýst annars vegar um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda hér innanlands og hins vegar um að miðla reynslu Íslendinga til annarra þjóða og liðsinna þeim við að draga úr sinni losun. Loftslagsmálin eru í brennidepli núna og ekki að ástæðulausu. Við

þurfum að bregðast hratt við og draga úr losun þar sem það er hægt. Hér á landi er mikilvægt að draga úr kolefnisfrekum samgöngum. Hætta notkun olíu til að knýja farartæki á landi, legi og í lofti. Rafbílum fjölga hratt og þeir munu smám saman taka yfir allan bílaflofan. Flutningar á landi munu nota ýmsa græna orkugjafa, svo sem vetni og metan. Rafdrifnar flugvélar munu koma til með að fljúga á styttri flugleiðum en líklegra er að vélar sem fara lengri leiðir komi til með að verða drifnar af vetni eða öðru grænu eldsneyti. Svipuð þróun verður í skipaflotanum.“

Torfpak er orkusparandi

Eggert Benedikt segir að flest þessara verkefna séu leysanleg sé vilji fyrir hendi. Þar verði atvinnulíf og stjórnvöld í heiminum að taka höndum saman. „Við verðum einfaldlega öll að hjálpast að í baráttunni við loftslagsvána. Þar mun þurfa nýsköpun á öllum sviðum tækninnar.“ Eggert hugsar sig um eitt augnablik, en bætir svo við að lokum: „En kannski líka gamlar og þaulreyndar lausnir. Eins og torfpök, sem eru besta einangrun sem til er og þar með orkusparandi.“

Þegar við fluttum hingað var hér herbergi fullt af skjölum og miklum heimildum sem Eggert afi minn hafði látið eftir sig. Mér fannst nauðsynlegt að sinna þessu og halda til haga þessum verðmæta fróðleik. Að ráði Valgarðs Briem, frænda míns, hafði ég samband við Guðna Th. Jóhannesson, sagnfræðing, og sagði honum af þessu.



- Er komið að húsnæðis-skiptum eða vantar þig stuðning og ráðgjöf við erfðaskrá, kaupmála eða dánarbússkipti?
- Vilt þú fá lögmann þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu?
- **BÚUM VEL** veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún, lögmaður
sími 783 8600
elin@buumvel.is
www.buumvel.is



Sérhæfð
lögfræðiþjónusta
við búsetuskipti
með áherslu á 60+



Við gerum það sem við segjumst ætla að gera

Ýmsar byggingar og byggingaþyrpingar eru að rísa úr jörð í Vesturbænum

Ýmsar byggingar og byggingaþyrpingar eru að rísa úr jörðinni í Vesturbæ Reykjavíkur eða munu rísa innan tíðar. Komnar misjafnlega langt á veg. Sumar eru risnar að mestu leyti eða að hluta en aðrar eru nánast á byrjunarreit þótt hafnar séu.

Fyrst má geta byggingu stúdentaíbúða við Gamla garð samkvæmt breyttu deiliskipulagi frá 21. ágúst 2019. Gert er ráð fyrir 69 stúdentaherbergjum í tveimur nýjum þriggja hæða byggingum. Í upphafi var gert ráð fyrir meiri nýbyggingum en horfið frá því þar sem þær þóttu of fyrirferðamiklar og skyggja um of á Gamla garð sem var teiknaður af Sigurði Guðmundssyni arkitekt á sínum tíma. Gert var ráð fyrir að íbúðirnar yrðu tilbúnar í haust 2021.

Hús íslenskra fræða

Við Arngrímsgötu 5 er Hús íslenskra fræða að rísa. Byggingin verður um 6.500 fermetrar auk um 2.200 fermetra opinna bílageymslu. Ístak annast framkvæmdir er ætlað er verði lokið haustið 2023. Verkefnið hefur átt sér langan aðdraganda. Ákvörðun um framlag til byggingar hússins var fyrst tekin á Alþingi árið 2005. Niðurstaða hönnunarsamkeppni um útlit hússins var kynnt í ágúst árið 2008 en framkvæmdum var svo slegið á frest í kjölfar efnahagshrunsins. Árið 2013 tók þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, og nú forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir, fyrstu skóflustunguna á lóðinni við Arngrímsgötu 5 og var síðar ráðist í jarðvinnu vegna verkefnisins. Verkið var lengi í biðstöðu og stór hola minnti á að

ekkert var aðhafst um árabíl. Svo langt gekk að gárungar voru farnir að tala um holu íslenskra fræða. En nú er hús að rísa óðfluga á lóðinni.

Héðinsreitur farinn af stað

Framkvæmdir eru hafnar á Svonefndum Héðinsreit. Reit sem markast af Mýrargötu, Ananaustum, Vesturgötu og Seljavegi. Á reitnum eru tvær lóðir, Seljavegur 2 og Vesturgata 64. Nafn reitsins er tilkomið frá Vélsmiðjunni Héðni en Héðinshúsið svokallaða sem löngum hýsi starfsemi Vélsmiðjunnar Héðins er við austurenda reitsins. Undirbúningur að byggingum á Héðinsreit á sér nokkurn aðdraganda. Athugasemdir bárust vegna byggingamagns, hæð húsa, umferðarmálum og fleiru. Fyrirhugaðar framkvæmdir voru kærðar en kröfu kæranda um ógildinguna ákvörðunar borgarráðs Reykjavíkur frá 16. maí 2019 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Héðinsreits var hafnað. Gert er ráð fyrir að byggja á fjórða hundrað íbúðir.

Byrjað á Steindórsreitnum

Við austanverðan enda Hringbrautar eru að hefjast byggingaframkvæmdir. Þær eru á svonefndum Steindórsreit sem kenndur er við Bifreiðastöð Steindórs sem var þar með verkstæði og þjónustustarfsemi. Síðar flutti hluti af starfsemi BYKO í Steindórhúsin áður en hún fluttist í Örfirisey og var reiturinn stundum nefndur eftir henni eða BYKO reitur. Um er að ræða lóðir nr. 77 við Sólvallagötu og

nr. 116 við Hringbraut. Byggingafélagið Kaldalón, sem er í eigu Kviku banka og einkafjárfesta hefur fest kaup á reitnum en hann hefur gengið kaupum og sölum á milli fjárfesta að undanförmu. Kaldalón keypti svæðið af félaginu Steindórsson ehf., sem er í eigu viðskiptafélaganna Hilmar Pórs Kristinssonar og Jóhanns G. Jóhannssonar en það félag hafði keypt hús og byggingarétt af öðrum aðilum. Gert

ráð fyrir að heildarbyggingarmagn verði 15.700 fermetrar, þar af 70 íbúðir á 3.250 fermetrum á tveimur til fjórum hæðum.

Vesturbugt á stað á næsta ári

Fasteignapróunarfélagið Kaldalón hyggst hefja uppbyggingu í Vesturbugt í Reykjavík um áramótin en framkvæmdir þar eru ekki hafnar. Þar er gert ráð fyrir um 190 íbúðum og atvinnuhúsnæði. Í Vesturbugt verði



Tölvuteiknuð mynd af nýbyggingu við Gamla Garð. Mynd: Andrúm.

SONAX®

MADE IN GERMANY

MADE IN GERMANY

PROFILINE

CERAMIC COATING

6

VÖRN

3

MÝKT

Kynningarverð:

Litlir fólkubílar

Stórir fólkubílar & jeplingar

Jeppar

Breyttir bílar & sendibílar

Verð frá 79.900 kr.

Verð frá 99.900 kr.

Verð frá 109.900 kr.

Verðtilboð

aðallega tveggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúðir. Jarðhæðir verði að mestu „lifandi“ með verslunarrýmum, en þó sé lítillega dregið úr því með nýju deiliskipulagstillögunni, fyrstu íbúðirnar komi á markað um mitt ár 2023 en verkefninu muni ljúka í árslok 2024.



Þannig er gert ráð fyrir að Hús íslenskunnar muni líta út að byggingu lokinni.



Fjögur ný hús munu rísa á Steindórsreitum við Hringbraut. Alls 9.184 fermetrar. Í húsunum verða 83 íbúðir. Tölvumynd/Plúsarkitektar.



Fyrirhuguð byggð við Héðinsreit.



Þannig gæti umhverfið í Vesturbugtinni litið út að fimm árum liðnum.

SONAX

Profiline CC36 Ceramic Coating

Profiline CC36 frá Sonax veitir lakki bílsins langtímaþvörn gegn útfjólubláum geislum, eiturefnum og öðrum umhverfisáhrifum, svo sem salti, tjöru og vegryki.

Vörnin endist í allt að 36 mánuði sé bíllinn þjónustaður árlega.

Vörn
í allt að
3 ár

MotorMax

Motormax ehf.
Vatnagördum 12
Sími 545 4040
motormax@motormax.is

Nýi Skerjafjörður

- nýstárleg en umdeild byggð

Skerjafjörður hefur verið talsvert til umræðu að undanförmu. Einkum vegna þess að ákveðið hefur verið að efna til nýrrar byggðar við fjörðinn næst Reykjavíkurlflugvelli. Glæsileiki og þægindi einkenna þá hönnun sem liggur fyrir og einnig má finna þar nýjungar í skipulagi borgarbyggðar. Ymis sjónarmið hafa þó komið fram vegna þessara fyrirhuguðu framkvæmda. Einkum sjónarmið er lúta að náttúruvernd. Umferðarmál hafa einnig borið á góma auk mismunandi sjónarmiða um þéttingu byggðar.

Skerjafjörður gengur inn úr Faxaflóa sunnan við Kollafjörð og norðan við Hafnarfjörð. Skerjafjörður liggur frá norðvestri til suðausturs milli Seltjarnarness og Álftaness og heitir eftir Lönguskerjum sem eru í miðjum firðinum. Fjörðurinn er víða grunnur og mikið af skerjum standa upp úr yfirborði sjávar eins og nafn hans bendir til. Innst greinist fjörðurinn í Lambhúsatjörn á Álftanesi, Arnarnesvog, Kópavog og Fossvog. Þegar talað er um Skerjafjörð sem borgarhverfi í Reykjavík er átt við Stóra Skerjafjörð sem er þéttbýlisbyggð suðvestan Reykjavíkurlflugvallar og Litla-Skerjafjörð norðvestan við hann. Austur vestur flugbraut Reykjavíkurlflugvallar sker búsvæðið í sundur. Suðurgata liggur fyrir enda flugbrautarinnar og tengist Einarsnesi sem liggur með fram Reykjavíkurlflugvelli og er aðal umferðargata frá íbúðahverfinu í Skerjafirði til annarra byggða.

Upphaf í aðalskipulagi

Upphaf þessa máls má rekja til þess að í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 til 2030 er afmarkað þróunarsvæði sem ber heitið Nýi Skerjafjörður. Í skipulaginu er gert ráð fyrir að ný íbúðabyggð risi með um 1.300 til 1.400 íbúðum auk smábátahafnar. Innan þessa svæðis er gert ráð fyrir landfyllingu þar sem hluti byggðarinnar muni rísa í öðrum áfanga nýs deiliskipulags sem byggt er á aðalskipulaginu. Það svæði sem skipulagið gerir ráð fyrir að fari undir landfyllingu er staðsett í vík vestan við Reykjavíkurlflugvöll.

Landfylling eykur við byggðarland

Íslenska ríkið og Reykjavíkurborg sömdu þann 1. mars 2013 um kaup Reykjavíkurborgar á landi ríkisins í Skerjafirði. Árið 2017 var haldin lokuð hugmyndasamkeppni um rammaskipulag fyrir umrætt þróunarsvæði. Fimm aðilar tóku þátt í hugmyndasamkeppninni. Niðurstöður voru síðan kynntar á

opnumfundum í Ráðhúsi Reykjavíkur 2. nóvember 2017. ASK arkitektar, Landslag landslagsarkitektar og verkfræðistofan EFLA, urðu hlutskörpust í hugmyndaleitinni og voru ráðin til að vinna rammaskipulag fyrir svæðið. Tillagan þótti skara fram úr vegna aðlaðandi byggðarmynsturs með fjölbreyttar húsagerðir og grænt net opinna svæða og gönguleiðir í gegnum inngarða. Í greinargerð frá Eflu kemur fram að með gerð landfyllingu í Skerjafirði aukist byggingarland á svæðinu um þrjú þúsund fermetra. Með stærra byggingarlandi megi fjölga íbúðum á svæðinu sem uppfylli markmið aðalskipulags Reykjavíkur 2010 til 2030 um þéttingu byggðar. Í greinargerðinni segir að gera megi ráð fyrir að hluti landfyllingar næst ströndinni muni í framtíðinni nýtast sem miðsvæði með verslunar- og þjónustustarfsemi og einnig til útivistar. Í seinni áfanga deiliskipulags nýrrar íbúðabyggðar er áhersla lögð á að strandlengja landfyllingarinnar og fjara verði sem náttúrulegust og að þar myndist búsvæði fyrir lífrerur. Þá er einnig til skoðunar gerð sjóvarnargarðs vestan megin í vikinni sem verði til þess fallinn að auka líkur á uppsöfnun sets. Fyrirhuguð landfylling er minni en gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi.

Athugasemdir frá flestum stofnunum

Efir kynningu á skipulagi Nýs Skerjafjarðar bárust Reykjavíkurborg margar athugasemdir. A meðal þeirra aðila sem gerðu athugasemdir við hina nýju byggð og þá einkum við landfyllingu eru Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Skipulagsstofnun og Hafrannsóknastofnun. Í umsögnum þeirra kemur meðal annars fram að landfylling í tengslum við uppbyggingu íbúðahverfis í Skerjafirði myndi skerða náttúrulegar fjörur í Reykjavík, sem séu á undanhaldi. Umhverfisstofnun benti á að tillagan raski áður óröskuðu landi sem sé mikilvægt búsvæði og hafi hátt verndargildi. Umhverfisstofnun benti einnig á mikilvægi þess að fram komi hvernig tillagan sé í samræmi við megin stefnu aðalskipulagsins. Auk þess benti stofnunin á mikilvægi þess að fjallað yrði um aðra valkosti, það er staðsetningarkosti, og hvernig óraskaðar leirur, sem hafa hátt verndargildi hafa umfram aðra valkosti.

Landfylling talin neikvæð fyrir lífríki

Í umhverfismati er tillagan um landfyllingar í alla staði talin neikvæði fyrir lífríki svæðisins og sé hún í andstöðu bæði við



Séð yfir Skerjafjörð- og Reykjavíkurlflugvöll. Vestur austur flugbrautin skiptir byggðinni í litla og stóra Skerjafjörð. Nýja byggðin á að kona austan byggðarinnar í Stóra Skerjafirði í átt að norður suður flugbraut Reykjavíkurlflugvallar. Á myndinni má sjá þriðju flugbraut Reykjavíkurlflugvallar sem hefur verið aflögð og einnig byggingar sem deilt hefur verið um.



Nýi Skerjafjörður verður framhald byggðar í Skerjafirði.

lög um náttúruvernd og stefnu Reykjavíkurborgar. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kom fram að einkennilegt sé að forsendur fyrir skipulaginu séu þess eðlis að ekki sé talið hægt að leysa það með öðrum hætti en að fara í landfyllingar.

Vegagerðin með áhyggjur af umferð

Vegagerðin gerði athugasemdir um umferðarmál og benti á að

samhliða auknum íbúafjölda í hverfinu þurfi að skoða nánar umferðarskópun með tilliti til nærliggjandi stofnvega á borð við Suðurgötu og Njarðargötu. Bent hefur verið á að mikil umferð sé um Hringbraut sem muni aukast við það að umferð frá nýja hverfinu verði beint inn á hana. Núverandi umferð um Einarsnes er um 3.000 bílar á sólarhring við vegamót Suðurgötu og Einarsness. Miðað við áætlaðan fjölda einkabíla í

fullbyggðu hverfi má gera ráð fyrir að umferðin nemi um 9.000 bílum á sólarhring á sama stað sem telst hæfileg umferð og innan marka. Þá sé fjarlægð við stoppistöðvar borgarlínu of mikil og tengja þurfi hverfið betur við hana. Fulltrúar úr skipulagsnefnd Mosfellsbæjar, Isavia, Samgöngustofu og Sveitarstjórn Bláskógabyggðar lýstu því yfir að uppbygging svæðisins megi ekki ógna rekstraröryggi Reykjavíkurlflugvallar.



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



Bílastæðakjarni mun þjóna allri fjölbýlishúsabyggðinni en raðhúsabyggð verður í öðrum hluta nýja hverfisins.

Minjastofnun benti á herminjar

Minjastofnun kom einnig við sögu í þeim umræðum sem orðið hafa um nýja byggð í Skerjafirði. Stofnunin hefur bent á að á uppbyggingarsvæðinu sé að finna bæði fornleifar og herminjar sem tengjast hernámi Íslands og atvinnusögu borgarinnar. Má þar nefna stöpla bryggju við

gamla olíubirgðastöð Shell. Þá er einnig minnst á byssustæði og dráttarbraut sem herminjar sem séu sýnilegar á yfirborði. Þá er einnig minnst á flugskýli Flugfélags Íslands frá árinu 1940 ásamt bogaskýli sem setuliðið reisti við það árið 1942. Stofnunin telur að þessar minjar þurfi að varðveita og fella inn í fyrirhugaða byggð í Skerjafirði.

Íbúðum fækkað um fimm

Nokkrar breytingar voru gerðar á deiliskipulagstillögunni um nýjan Skerjafjörð eftir að athugasemdafresti lauk. Íbúðum var fækkað úr 690 í 685. Leiksvæðum var bætt við inn á uppdrætti og í skýringar. Hjólastígar voru útfærðir frekar. Séránotafletir eiga nú við um fleiri húsagerðir en raðhús.

Skuggavörp voru uppfærð miðað við minni byggingarmassa svo auka mætti birtustig í iðngörðum. Grasþöktum í sérskilmálum var gefið meira svigrúm með vali á sjávarmöl og mýragróðri í takt við náttúrulegt umhverfi á svæðinu. Nýja hverfinu fylgja einnig kostir fyrir eldri byggð í Skerjafirði þar sem það mun bjóða upp á ýmsa þjónustu sem ekki hefur verið til staðar. Má þar nefna verslun, skóla og félagsmiðstöð.

Forgangur gangandi og hjólandi

Ein athyglisverðasta nýjungin í skipulagi Nýja Skerjafjarðar er að öll bílastæði eiga að vera í miðlægu bílastæðahúsi þar sem matvöruverslun og þjónusta verða á jarðhæð. Engin bílastæði verða innan lóða heldur aðeins í hinu miðlæga bílastæðahúsi. Í hinu nýja skipulagi er lögð áhersla á forgang gangandi

og hjólandi vegfaranda, hæga umferð og öflugar tengingar við almenningssamgöngur. Ný tenging fyrir Strætó verður lögð eftir framlengdu Einarsnesi suður fyrir flugbrautina við Fossvogsbrú og að Háskólanum í Reykjavík. Þá er ljóst að byggð í nýjum Skerjafirði mun hvorki skerða starfsemi né nýtingu Reykjavíkflugvallar. Húsin rísa á randbyggðum reitum á tveimur til fimm hæðum og laga sig þannig að hindrunarfleti flugvallarins. Samkvæmt rannsóknnum EFLU og hollensku flug- og geimferðastofnunarinnar mun íbúðabyggðin ekki raska þjónustustigi flugvallarins nema að óverulegu leyti líkt og á við um núverandi byggð umhverfis flugvöllinn.

Er hleðslukerfi rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málin með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi! Allt frá úttekt á fyrirkomulagi til heildarumsjónar með rafbílahleðslukerfi húsfélagsins.

Bílastuð Eignaumsjónar - þrjár þjónustuleiðir í boði:

- » **Bílastuð 0** - úttekt á hleðsluáðstöðu og framkvæmdaáætlun
- » **Bílastuð 1** - sérhæfð innheimta fyrir húsfélög vegna rafbílahleðslu
- » **Bílastuð 1+1** - heildarumsjón með rafbílahleðslu í húsfélögum



Laugarnar í Reykjavík

Fyrir líkama og sál

sýnum hvert öðru tillitssemi

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla



Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utforin.is



SÍÐAN 1996

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Lára Bryndís leysir Steingrím af í Neskirkju



Lára Bryndís Eggertsdóttir.

Lára Bryndís Eggertsdóttir organisti leysir Steingrím Þórhallsson af í starfi organista og kórstjóra Neskirkju sem er í ársleyfi.

Lára Bryndís hóf tónlistarnám á unga aldri. Fjórtán ára gömul tók hún fyrstu skrefin sem afleysingaorganisti í Langholtskirkju. Hún lauk einleikarprófi frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar með hæstu einkunn vorið 2002 undir handleiðslu Harðar Áskelssonar. Lára Bryndís dvaldi í áratug í Danmörku þar sem hún lauk meistaraþrófi í kirkjutónlist frá Tónlistarháskólanum í Árósum vorið 2014. Einnig starfaði hún sem organisti við Sønderbro kirkju í Horsens og semballeikari hjá barokksveitinni BaroqueAros í Árósum. Árið 2018 flutti hún aftur heim til Íslands og hefur frá því í september 2018 verið organisti Hjallakirkju í Kópavogi auk þess að kenna við Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Lára hefur haldið fjölmarga einleikstónleika á orgel, bæði héraendis og á hinum Norðurlöndunum. Árið 2014 stóð hún fyrir tónlistarverkefnum „Ég heyrði þytinn frá vængjum þeirra“ þar sem sjö íslensk tónskáld sömdu orgelverk að beiðni Láru.

Margt að gerast á Aflagrandanum

- öflugt starf á sumrinu sem er að líða



Síðan skein sólin eftir veturinn og skammdegið, mælti skáldið. Með sumrinu koma lengri dagar, sumarfríin sem fjölskyldan fer saman í ferðalög, vinir hittast og halda grillveislur. Í einu húsi við götu í Vesturbænum er Samfélagshúsið við Aflagranda 40. Samfélagshúsið er með alls konar aðstöðu sem gestum og gangandi er frjálst nýta sér í alls konar samkomur, halda námskeið og kynna öðru fólki í hverfinu.

Í allt sumar hefur starfsfólkið ásamt sumarstarfsfólki á háskólastigi, menntaskólastigi og grunnskólastigi verið iðið við kolann að halda skemmtilega dagskrá fyrir fólkið sem var heima í Vesturbænum yfir sumarið. Móttökurnar hafa verið vægast sagt frábærar, þátttaka í námskeiðum og viðburðum til fyrirmyndar.

Meðal hápunkta Samfélagshússins í sumar var Dungeons & Dragons smíðja fyrir hressa krakka úr hverfinu, en færri komust að en vildu. Stóri leikvöllurinn stoppaði við Aflagranda með skapandi leiktæki ásamt kökum og kaffi fyrir mömmu og pabba, samsöngur og „piknikk“ í garðinum svo eitthvað sé nefnt.

Þrátt fyrir að það sé farið að síga á seinni hluta sumarsins þá er dagskráin enn í fullum gangi og er Samfélagshúsið Aflagranda að skipuleggja um þessar mundir Fjölmenningshátíð Vesturbæjar og hvetjum við alla til að fylgjast með fréttum af henni inni á Facebooksíðunni okkar „Samfélagshúsið Aflagranda 40“. Á síðunni má einnig sjá þá viðburði sem boðið er upp á hverju sinni en geta má að



vetrardagskráin verður með fjölbreyttu sniði og verður kærkomin eftir undanfarið ár að hitta annað fólk úr hverfinu, sækja vinnustofur, spreyta sig á pub quiz og spila bingó svo eitthvað sé nefnt.

Myndir frá sumrinu sem gefa góða innsýn í það hvernig stemningin hefur verið. Þarna má sjá fólk á öllum aldri enda lögð áhersla á að samfélagshúsið nái til allra aldurshópa.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Hljómskálagarðurinn

Perla í Miðborg Reykjavíkur



Úr Hljómskálagarðinum. Að baki trjána sést í Háskóla Íslands.

„Ég vil að garðurinn sé fyrir fólk og náttúru, að hér sé fallett umhverfi og hægt sé að fara í frjálsa leiki. Ég kem úr sveit og kann að meta hvað það er friðsælt hérna þó allt í kring sé götur og mikið mannlíf. Góð stemning og friður er í garðinum. Mér finnst mikilvægt að fólk hafi aðgengi að grænu svæði sem þessu og nýti sér það,“ segir Þorsteinn Magni Björnsson garðyrkjufræðingur og umsjónarmaður Hljómskálagarðsins hjá Reykjavíkurborg.

Nýjasta svæðið sem hefur verið tekið í gegn í garðinum er svæðið frá Hljómskálalanganum að stytunni

af Jónasi Hallgrímssyni. Þorsteinn Magni segir þetta ekta skróðgarð í enskum landslagsstíl en svæðið var tekið í gegn í fyrra. Þetta svæði hefur fengið nafnið Skálin. Þorsteinn Magni kveðst hafa hugsuð plöntuvalið út frá því að það væri bæði fjölbreytt, nokkuð harðgert og þægilegt í umhirðu. Hann segir að öll gróðurbeðin séu hugsuð þannig að á endanum vaxi plönturnar saman sem geri þau bæði fallelgri og auðveldar alla umhirðu. Hann velur líka plöntur út frá áferð á blöðum og litum þeirra og hann kys mjúkar línur í beð umfram beinar línur og kassalaga. Hljómskálagarðurinn er perla í Miðborg Reykjavíkur.

AS WE GROW

Umhverfisvæn íslensk hönnun



WWW.ASWEGROW.IS
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

DANSSKÓLI BIRNU BJÖRNS

INN RITUN Á DANSSKOLIBB.IS

FJÖLBREYTT KENNSLA
FRAMKOMA OG TÆKNI
JÁKVÆÐ STYRKING
FRÁBÆR TÆKIFÆRI
VIÐBURÐIR OG FERÐIR

ALDURSFLOKKAR
3 ÁRA OG ELÐRI



DANSSKÓLI BIRNU BJÖRNS

DANSSKOLIBB



HAUSTÖNN HEFST 13. SEPT

GARÐABÆR | KÓPAVOGUR | HAFNARFJÖRÐUR | VESTURBÆR | GRAFARHHOLT

Alþjóðleg kvikmynda- hátið í 18. sinn



Alþjóðlega kvikmyndahátið í Reykjavík verður sett í 18. sinn.

RIFF Alþjóðleg kvikmyndahátið í Reykjavík verður sett í 18. sinn þann 30. september næstkomandi og stendur til 10. október. Ýmislegt spennandi verður í gangi á RIFF kvikmyndahátíðinni í ár eins og fyrri ár og áhersla lögð á skemmtilega sérviðburði. Hið sívinsæla sundbíó verður á sínum stað í Sundhöll Reykjavíkur, bílabíóið sem var í boði í fyrra kemur aftur til leiks tvíeft og býður upp á örugga leið til að horfa á kvikmyndir á skemmtilegan hátt.

Vinsælt matarbíó var í boði í Norræna húsinu í fyrra þar sem Sono matseljur töfrudu fram gírnilega grænkerarétti í tengslum við myndina, það sama verður uppi á teningnum í ár. Æsispennandi hellabíó kemur við sögu á dagskránni rétt fyrir utan bæjarmörkin og í ár verður kynntur til leiks nýr flokkur á hátíðinni sem nefnist Nýjasta tækni og kvikmyndir, eða RIFF XR upp á ensku (sem stendur fyrir Extended Reality). Þar verður fókusinn á alþjóðleg verðlaunaverk innan sýndarveruleika og tölvuleikja, með stuðningi frá tölvuleikjaframleiðandanum Raw Fury. Þar að auki er fókus hátíðarinnar í ár á tónlist og það verður margt um að vera í tengslum við það, m.a. fjöldamargar tónlistarmyndir og RIFF verður með yfirtöku á Loft Hostel í hátíðarvikunni. Dagskráin á Loft Hostel verður fjölbreytt og mun samanstanda af uppákomum með tónlistarfólki, uppistöndurum, mínútum ásamt karóki kvöldi. Að lokum, ef aðstæður leyfa, verða svo skemmtileg partý í gangi yfir vikuna, þar á meðal opnunarhófið og lokahófið þar sem hin árlegu verðlaun RIFF verða veitt kvikmyndaþólki sem þykir hafa skarað fram úr á sínu sviði.

Ýmislegt að varast við notkun rafhlaupahjóla

Vinsældir vélknúinna hlaupahjóla hafa aukist að undanfögnu hér á landi. Vélknúin hlaupahjól, oft kölluð rafhlaupahjól, rafmagnshlaupahjól, rafskútur, rafskottur tilheyrja flokki reiðhjóla og eru hönnuð til aksturs á hraða frá sex km á klst. upp í 25 km. á klukkustund. Í umferðarlögum kemur fram að slíkum farartækjum megi þó ekki aka á akbraut en þau lúta að öðru leyti sömu reglum og reiðhjól t.d. hvað varðar öryggisbúnað og mikilvæg atriði sem vert er að hafa í huga þegar hjólað er á gangstígum.

Samkvæmt upplýsingum Umferðastofu er ekkert aldurstakmark á vélknúin hlaupahjól að finna í umferðalögum. Ávallt skuli þó fara eftir þeim viðmiðum og leiðbeiningum sem framleiðandur hjólaanna leggur til. Auk þess eru rafhlaupahjólaleigur yfirleitt með aldurstakmark á notkun þeirra. Þess má einnig geta að börn og ungmenni undir 16 ára aldri eiga skv. lögum alltaf að nota hjálm við hjólreiðar en mælt er með að allir noti hjálm á rafhlaupahjóli öryggisins vegna.

Mikilvægt er að vera með öflug og góð ljós - hvítt að framan og rautt að aftan. Skyllt er að vera með ljós þegar skyggja tekur. Endurskin á að vera á hjólinu, bæði að framan og aftan. Þegar hjólað er á gangstéttum og gangstígum skal það gert með því skilyrði að það valdi ekki gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum. Gangandi vegfarendur eiga forgang og hjólandi þurfa að taka tillit til þess, ekki síst hvað hraða varðar. Almenn ættu allir vegfarendur að halda sig hægra megin og taka fram úr vinstra megin. Þar sem merki aðgreina umferð gangandi annars vegar og hjólandi hins vegar skal virða þau og vera þeim megin sem reiðhjól skulu vera. Hjólandi þurfa



Á rafhlaupahjólum á Laugavegi.

að hafa í huga að gangandi vegfarendur búast ekki við hröðum og skyndilegum framúrakstri á stígnum. Því er mikilvægt að hjólandi hægi vel á sér og gefi hljóðmerki tímanlega áður en komið er að viðkomandi eða áður en komið er að blindhorni eða beygju. Hjóla má á gangstéttum og göngustígum en þar gilda sömu reglur um hlaupahjól eins og reiðhjól. Snjalltækja- og farsímnotkun á hjóli er bönnuð samkvæmt lögum. Ólöglegt að eiga við rafhlaupahjól þannig að þau komist hraðar en 25 kílómetra á klukkustund notkun hjóla undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er bönnuð með lögum. Engin vátryggingarskylda er á þessum hjólum en eigendur eru hvattir til að leita ráða hjá tryggingafélögum varðandi ábyrgðartryggingar.

Er kominn tími til að gera eitthvað?

Næstu námskeið í boði hjá Hringsjá

Hringsjá býður úrval af öðru-
vísi og spennandi námskeiðum
sem hafa hjálpað mörgum að
komast aftur eða í fyrsta sinn
af stað til meiri virkni, meiri
lífsgæða og fleiri valkosta í
námi eða starfi.

Styrkleikar

Þáttakendur fá tækifæri til að greina helstu styrkleika sína og skoða leiðir til að nýta þá betur í daglegu lífi. Rannsóknir benda til þess að aukin meðvitund um helstu styrkleika okkar auki vellíðan okkar.

Bókhald, Excel og tölvubókhald

Farið er yfir grundvallaratriði og hugtök í bókfærslu og bókhaldi fyrirtækja og einstaklinga. Þáttakendur læra færslu bókhalds frá grunni og því ekki gert ráð fyrir forþekkingu og námskeiðið nýtist einnig þeim sem hafa ákveðinn grunn fyrir.

ÚFF - Úr frestun í framkvæmd

Farið yfir ástæður frestunar, einkenni og afleiðingar. Fyrir þá sem vilja hætta að fresta og fara að ná árangri í lífinu.

Jákvæð sálfræði

Almenn umfjöllun um jákvæða sálfræði og hvernig hún tengist andlegri heilsu og vellíðan.

Í fókus - að ná fram því besta með ADHD

Eykur skilning á ADHD (athyglisbresti/öfvervirkni) og hvernig er hægt að ná betri tökum á einkennum ADHD í daglegu lífi.

Ég heiti

Svala Breiðfjörð
Arnardóttir

Ég er löggiltur bókari hjá Hringsjá náms- og starfsendurhæfingu.

Ég var nemandi í Hringsjá náms- og starfsendurhæfingu.

„Hringsjá breytti lífinu til hins betra. Í dag er ég í draumastarfi og elska að vakna á morgnana.“



Útfaraskreytingar

Kistuskreytingar, kransar,
krossar, hjörtu, altarisvendur
ásamt kertaskreytingum.

Vönduð vinnsla og
persónuleg þjónusta.

Hægt er að fá frekari
upplýsingar hjá okkur
í síma 552-6070.

Nálgast má myndir inná
facebook síðu Blómagallerís
og instagram6



Hringsjá

Náms- og starfsendurhæfing

Upplýsingar og skráning
í síma 510 9380 eða
á staðnum að Hátúni 10d.

Heimasíða: www.hringsja.is
Netfang: hringsja@hringsja.is
Facebook: [facebook.com/hringsja](https://www.facebook.com/hringsja)

Dansskóli Birnu Björns að hefja vetrarstarfið

Leiklist, söngur og dans sameinast í eitt



Hópur frá Dansskóla Birnu Björns.

Starfsfólk Dansskóla Birnu Björns bíður spennu eftir því að hefja nýtt dansár en haustönn skólans hefst 13. september næstkomandi. Innritun er nú í fullum gangi og tilvalið að nýta frístundastyrk bæjarfélaga við skráningu. Í haust mun dansskólinn bjóða upp á faglega kennslu með einvala liði kennara. Skólinn leggur upp úr því að bjóða upp á fjölbreytt námskeið þar sem nemendur læra almenna grunntækni en fá að kynnast mismunandi dansstílum á borð við jazz, commercial, musical theater, lyrical, contemporary og fleiri.

Söngleikjadeild skólans verður á sínum stað í Garðabæ og Vesturbæ, þar sem leiklist, söngur og dans sameinast í eitt. Fyrir á árinu leiddi söngleikjadeildin glæsilega nemendasýningu skólans „Mary Poppins“ í Borgarleikhúsinu við mikinn fögnuð. Á árlegri nemendasýningu skólans sameinast danshópar og söngleikjadeild og setja upp stórsýningu, sem er gjarnan hápunktur dansársins. Viðbótar kennslustaður í söngleikjadeild verður í Ingunnarskóla í Grafarholti og hlökkum við mikið til að taka á móti nýjum og eldri nemendum þar.

Barnadansar fyrir þriggja til fimm ára

Tæknitímar eru í boði fyrir nemendur sem vilja æfa oftari í viku og bæta við sig dansþekkingu. Tæknitímarnir eru frábær undirstaða fyrir alla dansara og eru kenndir af reyndu fagfólki. Dansskóli Birnu Björns býður einnig upp á barnadansa fyrir 3 til 5 ára nemendur. Þar er áhersla lögð á skapandi dans, tjáningu og tónlist. Danspúl fyrir 20 ára og eldri eru námskeið í boði líkt og undanfarnin ár þar sem dansgleðin fær að njóta sín.

„Master class“ með erlendum gestakennurum

Haustönn Dansskóla Birnu Björns verður svo sannarlega viðburðarík. Við krossum fingur vegna ástandsins í heiminum, að við getum boðið upp á „master class“ með erlendum gestakennurum. Magnaða dansparið Josh Warmby og Olivia sem áður hafa heimsótt skólann, stefna á að heiðra okkur með nærveru sinni og kenna tíma í skólanum í haust. „Dansfárið“ árleg innanskólakeppni verður haldið í nóvember þar sem nemendur skólans geta tekið þátt í einstaklings og/eða hópakeppnum. Nemendur semja þar atriði sjálfir frá byrjun til enda, útfæra búninga, setja saman tónlist og allt sem því fylgir. Nemendur skólans hafa tekið þátt í Dance World Cup síðustu tvö ár en fer keppnin fram á rafrænan máta í ár. Dansskólinn sendi frá sér tvö stórglæsileg atriði bæði sóló og hópatriði.

Undankeppni Dance World Cup á Íslandi fer fram í febrúar í byrjun næsta árs og mun dansskólinn halda prufur innanskóla fyrir þau atriði sem send verða í keppnina.

Samstarf við viðburðafyrirtæki

Dansskólinn hefur alla tíð verið í miklu samstarfi og samskiptum við viðburðafyrirtæki, tónlistarfólk, sjónvarpsgerð og fleira. Við hjá skólanum erum bjartsýn á að ástandið muni komast í eðlilegra horf svo við getum leyft dansgleðinni að njóta sín á ný í nýjum og spennandi verkefnum. Dansskóli Birnu Björns samanstendur af metnaðarfullu starfsfólki sem hefur það markmið að allir fái jákvæða og uppbyggilega kennslu, en mikilvægast af öllu að allir fái að njóta sín.



TRYGGÐU GRUNNINN!



Grunnpakkin frá Viridian

Pakinn sem við mælum með að þú takir inn daglega til að halda góðri heilsu. Omega olía, fjölvítamín og meltingargerlar. Kíktu á úrvalið.



Notalegur og fallegur fatnaður

Lífrænn og einstaklega fallega hannaður fatnaður fyrir jóga og lífið.



Korkjógadýnur eru góður grunnur

Umhverfisvænar, sterkar, fallegar.



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Stöðugleika í stað upplausnar - Kjósum Sjálfstæðisflokkinn

- Eftir Kjartan Magnússon

Mánuður er til alþingiskosninganna 25. september. Mörg mikilvæg viðfangsefni eru nú á dagskrá íslenskra stjórn mála. Nefna má áframhaldandi endurreisn atvinnulífsins, bætt lífskjör, aðhald í ríkisfjármálum og umbætur í opinberri þjónustu, ekki síst í heilbrigðiskerfinu. Stöðugleiki í stjórn mála er forsenda velgengi í efnahagsmálum. Kjósendur, sem vilja stöðugleika, ættu með atkvæði sínu að stuðla að því að hægt verði að mynda trausta og starfhæfa ríkisstjórn eftir kosningar.



Kjartan Magnússon.

Sjálfstæðisflokkurinn eða kraðak smáflokka?

Aldrei áður hafa jafnmargir flokkar tilkynnt framboð og nýjustu skoðanakannanir gefa til kynna að níu flokkar gætu náð þingsætum á Alþingi. Ljóst er að slíkt kraðak smáflokka mun ekki auðvelda myndun ríkisstjórnar að loknum kosningum, hvað þá traustar stjórnar, sem tæki á viðfangsefnum næstu ára af festu og ábyrgð. Ekki væri hægt að mynda þriggja flokka ríkisstjórn ef niðurstöður áður nefndra skoðanakannana ganga eftir. Þá yrði aðeins hægt að mynda fjögurra flokka stjórn með aðild Sjálfstæðisflokksins.

Sjálfstæðisflokkurinn nýtur langmests fylgis stjórn mála flokka samkvæmt þessum könnunum og verður því áfram kjölfestan í íslenskum stjórn mála. Flokkinn vantar þó fleiri atkvæði ef tryggja á að hann geti komið að myndun þriggja flokka ríkisstjórnar og enn meira afl ef unnt á að vera að mynda tveggja flokka stjórn, sem væri æskilegast.

Valkostir kjósenda eru skýrir: Atkvæði greitt Sjálfstæðisflokknum er besta leið kjósenda til að stuðla að stöðugu stjórnarfarum og forðast þá upplausn, sem reynslan sýnir að getur orðið þegar ríkisstjórn stendur saman af mörgum smáflokkum.

Varðveitum stöðugleikann

Í ríkisstjórn mun Sjálfstæðisflokkurinn beita sér fyrir áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum og sókn í atvinnumálum. Þannig verður lagður grundvöllur að aukinni verðmætasköpun, bættum lífskjörum og öflugri velferðarkerfi.

Atkvæði greitt öðrum flokkum en Sjálfstæðisflokknum myndi auka líkurnar á myndun fimm eða sex flokka vinstri stjórnar þar sem hver höndin væri uppi á móti annari. Sennilega væru auknar skattahækkningar á almenning hið eina sem sámið gæti náðst um innan slíkrar stjórnar.

Breiður hópur framboðenda

Á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík er fjölbreytilegur hópur fólks, sem á það sameiginlegt að vilja gera gott þjóðfélag betra. Framboðendurnir koma úr fjölmörgum starfsgreinum og öllum hverfum borgarinnar. Slíkt er mikilvægt því margvísleg úrlausnarefni koma til kasta alþingismanna, sem geta haft bein áhrif á lífsgæði í einstökum hverfum, t.d. í menntamálum, heilbrigðismálum og samgöngumálum.

Ágæti Vesturbæingur! Ég hvet þig til að kynna þér framboðslista og málefni D-listans í Reykjavík, sem má finna á xd.is

Höfundur skipar 4. sæti framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurborgardæmi nyrðra.



Netverslun:
systrasamlagid.is

Fjölbreytt vetrarstarf að hefjast

Frosti er að opna á ný eftir gott sumarfrí og við hjá Frosta erum rosalega spennt að hitta öll börnin og unglíngana aftur. Unglingastarfið hefst með dagopnun næsta þriðjudag 24. ágúst og á miðvikudaginn verðum við með opnunarkvöld í Tjörninni fyrir 8. til 10. Bekk. Tíu til tólf ára starfið hefst svo í byrjun september með öllu tilheyrandi stuði.

Nú hefur starfslið Frosta tekið þó nokkrum breytingum yfir sumarið. Brynja Helgadóttir hefur tekið við sem forstöðumaður í Frosta en hún hefur verið aðstoðarforstöðumaður síðastliðin tvö ár og þekkir því vel til starfsins. Aðstoðarforstöðumenn henni til halds og trausts verða þau Kristín Dóra Ólafsdóttir og Erling Aspelund. Á næstu dögum munum við senda foreldrapóst í gegnum mentor á alla foreldra og forsjáaraðila með nánari upplýsingum um starfið í vetur.



Skuggi nokkurra þátttakenda. Skemmtilega mynd frá sumarstarfi Frosta.

BÝR DANSARI Í ÞÉR?

INNTRITUN HAFIN

Dansgardurinn
KLS

dansgardurinn.is



ÓSKANDI

oskandi.is



Sjúkraliðar / aðhlynning hlutavinna

Ert þú jákvæður, traustur, áreiðanlegur og þjónustulundaður einstaklingur, þá eru lausar stöður sjúkraliða og eða starfsfólks í aðhlynningu nú þegar til að sinna íbúum á hjúkrunarheimilinu Seltjörn, Safnartröð 1 á Seltjarnarnesi. Um er að ræða hlutastörf 60-80%.

Sótt er um á heimasíður www//sunnuhlid.is

Vinsamlegast setjið Nes-fyrir framan starfið sem sótt er um.

Gerð er krafa um að viðkomandi tali og skilji íslensku.

Helgi og Jakob taka við KR

Körfuknattleiksdeild KR gekk nýverið frá samningum við þjálfarateymi meistaraflokks karla. Þeir Helgi Már Magnússon og Jakob Örn Sigurðarson hafa skrifað undir samninga við deildina.

Helgi Már verður aðalþjálfari og er hans samningur gerður til 3 ára og Jakob Örn gerir 1 árs samning og verður Helga til aðstoðar. Það þarf ekki að kynna þessi nöfn frekar. Báðir léku þeir með yngri flokkum félagsins og meistaraflokkum þar sem þeir unnu fjölmarga titla og einnig áttu þeir báðir farsæla tíma sem atvinnumenn í Evrópu. Helgi og Jakob þekkja leikinn betur en margir aðrir og er ánægjan gríðarlega mikil með þessar ráðningar. „Ég er virkilega spenntur fyrir komandi vetri og mjög ánægður með að fá Jakob með mér í þjálfarateymið,“ sagði Helgi Már við undirritun samningsins.



Helgi Már Magnússon og Jakob Örn Sigurðarson.

Bjarni Guðjónsson nýr framkvæmdastjóri KR



Bjarni Guðjónsson á kunnuglegum stað – á vellinum.

Bjarni Guðjónsson leikmaður, þjálfari og aðstoðarþjálfari á síðustu árum er kominn aftur til KR. Aðalstjórn Knattspyrnufélags Reykjavíkur hefur ráðið sem næsta framkvæmdastjóra félagsins.

Bjarni kemur til KR frá sænska félaginu IFK Norrköping, þar sem hann starfaði sem aðalþjálfari U19-liðs félagsins undanfarin misseri. Áður var Bjarni aðstoðarþjálfari meistaraflokks KR í knattspyrnu. KR-ingar eru mjög ánægðir með að geta boðið Bjarna velkominn til KR á ný. Bjarni hefur bæði gegnt hlutverki leikmanns og þjálfara hjá KR við góðan orðstír. Nú hefur honum verið falið annað hlutverk, að annast rekstur og leiða uppbyggingu hins sögufræga félags. Sem framkvæmdastjóra mun menntun hans og reynslan nýtast vel sem hann hefur öðlast bæði innan félagsins og utan. Bjarni er með BSc gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og þjálfararéttindi frá UEFA. Bjarni mun hefja störf þann 1. september næstkomandi, en hann tekur við starfi framkvæmdastjóra af Jónasi Kristinssyni, sem gegnt hafði stöðu framkvæmdastjóra KR um árabil.

Taekwondo er íþrótt fyrir alla

Taekwondo er kóresk bardagalist sem á rætur sínar að rekja til annarra bardagalista, svo sem karate, kínverskra bardagalista og kóreskra bardagahefða frá fyrri öldum. Íþróttin hefur þróast mikið og hratt, sér í lagi síðustu áratugi. Hún byggist að miklu leyti upp á aga, auk þess sem áhersla er lögð á sjálfsvirðingu og virðingu fyrir öðru fólki. Taekwondo er íþrótt fyrir alla og er það mikilvægur þáttur í hugmyndafræðinni. Íþróttin höfðar jafnt til allra kynja og hentar fólki á öllum aldri. Hver iðkandi æfir á sínum forsendum en með öðrum í hópi, sem veitir stuðning og aðhald. Taekwondo hentar þeim sem finna sig ekki í hópíþróttum enda lögð áhersla á að koma til móts við einstaklinga þar sem þeir eru staddir.

Í KR taekwondo er boðið upp á fjölbreyttar æfingar fyrir byrjendur og lengra komna, börn og fulloröna. Þjálfarar við deildina eru allir svartbeltingar og margverðlaunaðir í íþróttinni og voru tvö þeirra valin taekwondo-fólk Íslands 2020; Arnar Bragason í bardaga (sparring) og Álfðís Freyja Hansdóttir í formum (poomsae).

Iðkendur í KR taekwondo hefur fjölgað stöðugt á undan-



Taekwondo eins skref bardagi.

förnum árum. Árangur þeirra á mótum hefur vakið eftirtekt og hafa þeir rakað inn verðlaunum á mótum. En árangur er ekki aðeins mældur í medalíum. Aðalmarkmið taekwondo er að iðka bardagalist til að efla líkama og sál. Styrkja einbeitingu og jafnvægi, auka styrk, snerpu og liðleika. Efla sjálfstraust og sjálfsstjórn og ýta undir metnað og félagslega hæfni sem iðkendur taka með sér út í lífið. Í taekwondo deild KR eru byggðir upp sterkir einstaklingar sem

bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og er eftir því tekið hvað iðkendur úr félaginu standa þétt saman og styðja hvert annað á mótum í sönnum íþróttanda.

Boðið er upp á fría prufutíma í september fyrir áhugasama, sjá nánar á kr.is/taekwondo eða á Facebook-síðu deildarinnar, KR Taekwondo.

María Rán Guðjónsdóttir, stjórnarformaður taekwondo-deildar KR



www.kr.is

GETRAUNANÚMER KR

107

1X2 GETRAUNIR.IS

FYRIRTAÐ
málningarþjónusta

TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI

LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

HAMBORGARA

Búllan

Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

20% afsláttur
af gleraugum

Sjónmæling innifalin